



AKUREYRARSTOFA



Akureyrarbær

Bæjarlistamaður Akureyrar árið 2021

Góðir áhorfendur!

Gleðilegt sumar!

Sá listamaður sem valinn hefur verið bæjarlistamaður þetta árið hefur haldið um tuttugu einkasýningar, auk þess tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima sem og erlendis.

Þá hefur listamaðurinn mikla reynslu af viðburðastjórnun og rekstri sýningarrýma og verið virkur í starfsemi menningarfélaga hér á Akureyri.

Bæjarlistamaður Akureyrar árið 2021 er Dagrún Matthíasdóttir myndlistarkona.

Dagrún er fædd árið 1971. Hún lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti árið 1992, stundaði nám við Myndlistaskólann á Akureyri 2003-2006, og háskólanám við HA 2006-2010. Þá hefur hún sótt námskeið í myndlist og verið í vinnudvöl víða, meðal annars í Flórens á Ítalíu.

Einnig hefur hún sinnt kennslu í myndlist í þó nokkur ár, þar sem hún hefur meðal annars kennt grunnskólabörnum að gera bæði dúkristur og einþrykk með góðum árangri.

Á starfslaunatímabilinu hyggst Dagrún fyrst og fremst einbeita sér að tveim verkefnum.

Annars vegar grafíkprentun þar sem markmiðið er að skoða og rannsaka prentmiðilinn sem listform.

Hins vegar Verkefni í Umhverfislist, sem tengir saman listamenn tveggja landshluta. Á tímabilinu er áætlað að halda sýningu í Mjólkurbúðinni - Sal Myndlistarfélagins og hafa reglulegar vinnustofusýningar í RÖSK RÝMI.

Að þessu sinni sóttu ellefu um listamannalaun, fjórir karlmenn og sjö konur. Í faghópnum sátu auk mín, Petreu Óskarsdóttur, Ragnheiður Björk Þórsdóttir og Þórarinn Torfason. Það sem við lögðum áherslu á við val á bæjarlistamanni, var að hann byggji og starfaði hér á Akureyri og hefði lagt sitt af mörkum til listalífs bæjarins.

Það hefur Dagrún Matthíasdóttir svo sannarlega gert.

Að endingu viljum við í faghópnum óska Dagrúnu innilega til hamingju.